



SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588

Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður

Netfang: sfk@sfk.is – Veffang: www.seydisfjordur.is



Samantekt, **mars 2018**. Nánari upplýsingar og upphaflegar fréttir er hægt að nálgast á vefsíðu kaupstaðarins, www.sfk.is

Viskubrunnur – sigurvegarar í Viskubrunni árið 2018 var lið Skálaness, skipað þeim Bjarka Borgþórssyni, Kára Lefever og Oddnýju Björk Daniélsdóttur.

Huginn – aðalstjórn Hugins hélt aðalfund og auglýsti eftir stjórnarmeðlimum, enginn gaf kost á sér í fráfarandi stjórn og fáir mættu á fundinn. **Auglýst er eftir fólki í nýja stjórn.**

Sífreri í Strandartindi - Veðurstofa Íslands kannar möguleika á að vakta sífrera í Strandartindi við Seyðisfjörð með gervitunglum. Tilgangurinn er að athuga hvort hreyfing sé á stórgrýttri urð ofarlega í fjallinu sem gæti aukið hættu á skriðuföllum.

Mengunarmælir - Umhverfisstofnun ætlar að setja upp mæla á Seyðisfirði til að fylgjast með mengun frá ferjunni Norrænu og skemmtiferðaskipum. Enn er ekki komið á hreint hvenær mælarnir verða settir upp.

Aðalhlutverk í auglýsingu – fjörðurinn var valinn af Saga film til að taka upp auglýsingu fyrir nýjar landsliðstreyjur í fótbolta. Afar flott kynning sem bærinn fékk þar.

Styrkir – félagsheimilið Herðubreið og Búðarárfoss

Sveitarstjórnarmál

Skoðanakönnun um samvinnu og/eða sameiningu sveitarfélaga

Bæjarstjórn samþykkti á fundi 14. mars 2018 að tillögu samstarfsnefndar sveitarfélaga á starfssvæði félagsþjónustu Fljótshéraðs þátttöku Seyðisfjarðarkaupstaðar í könnun um viðhorf íbúa til samstarfs og/eða sameiningar sveitarfélaganna á félagsþjónustusvæði félagsþjónustu Fljótshéraðs. Niðurstöður könnunarinnar verða birtar í apríl.

Svæðisskipulag Austurlands

Bæjarstjórn samþykkti á fundi 14. mars fyrir sitt leyti að verkefnalýsing Svæðisskipulags Austurlands gangi í hefðbundið umsagnarferli. Ætti því umsagnarferlið að hefjast þegar svæðisskipulagsnefnd hafa borist niðurstöður allra sveitarfélaganna á Austurlandi.

Íslands ljóstengt

Þann 22.mars var skrifað undir samninga um ljósleiðarastyrki verkefnisins Ísland ljóstengt fyrir árið 2018. Bæjarstjóri sótti fundinn og skrifaði undir samning fyrir hönd kaupstaðarins vegna áfanga 1 á Seyðisfirði. Nánar um fundinn hér (<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2018/03/22/Skrifad-undir-samninga-um-ljosleidarastyrki-verkefnisins-Island-ljostengt/>).

Ársfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Lánasjóður sveitarfélaga ohf hélt ársfund sinn 2018 þann 23. mars síðastliðinn. Bæjarstjóri sat fundinn fyrir hönd kaupstaðarins. Nánari upplýsingar umfundinn má finna hér(<http://www.lanasjodur.is/frettir/nidurstodur-adalfundar>).